

## Fundur í Húsnefnd Végarðs, 26.01 2021 kl. 15:00

---

Mætt: Anna Jóna, Gunnþórunn og Gunnar. Helgi Gíslason sveitarstjóri sat fundinn.

Áður en fundur hófst vann nefndarfólk að því að skrá upp eignalista Félagsheimilisins Végarðs.

1. Erindi frá Sauðagulli dags. 03.01 2021

Óskað er eftir afnotum af Végarði og vottaðri eldhúsaðstöðu þar, á árinu 2021.

*Gunnar vék af fundi vegna vanhæfis og var settur í að telja hnífapör.*

Samþykkt að unnin verði drög að samkomulagi um afnot og umgengni Sauðagulls í Végarði, annars vegar fyrir fyrri hluta árs og hins vegar síðari hluta ársins og þá verði skoðað með leigugreiðslu fyrir afnot, þar sem Sauðagull hefur verið með endurgjaldslaus afnot í 2 ár, 1. apríl nk.

*Gunnar kom aftur til fundar.*

2. Önnur mál.

Rætt um kaup á búnaði sem fjárheimild er fyrir á árinu.

Húsnefnd er sammála um að fresta að endurnýja stóla í fundarsal, en sveitarstjóra falið að ganga frá kaupum á skrifstofubúnaði í skrifstofurými á efri hæð.

Fleira ekki tekið fyrir og fund slitið kl. 16:35

Gunnþórunn ritaði fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir ( sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)